Heimili og varnarþing: Kópavogsbraut 76, 200 Kópavogur.*Dagsetning samþykktar er:* 10. mars 2015.*Stofnendur:* Daði Hreinsson, kt. 240369-4519, Kópavogsbraut 76, 200 Kópavogur.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 10. mars 2015.*Stjórnarmaður:* Daði Hreinsson. *Varastjórn:* Óskar Sigurður Harðarson, kt. 260561-4219, Hofteigi 26, 105 Reykjavík.*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.*Framkvæmdastjórn:* Daði Hreinsson.*Prókúruumboð:* Daði Hreinsson.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Elín Björk Guðbrandsdóttir, kt. 110872-5189, Marargrund 17, 210 Garðabær, Sigurður Sigurbjörnsson, kt. 141076-3539, Laugateigi 20, 105 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er heildsala, smásala og innflutningur á vörum, fasteignarekstur og annar skyldur rekstur ásamt tilheyrandi eignum og lánastarfsemi.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

(2015007709

Útgáfud.: 28. apríl 2015

Hlutafélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* MPC ehf.*Kt.:* 570415-1310.*Heimili og varnarþing:* Viðarhöfða 6, 110 Reykjavík.*Dagsetning samþykktar er:* 24. mars 2015.*Stofnendur:* Marius Petruskevicius, kt. 200384-3939, Einholti 11, 105 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 24. mars 2015.*Stjórnarmaður:* Marius Petruskevicius. *Varastjórn:* Vaida Sakalauskaite, kt. 201282-3149, Einholti 11, 105 Reykjavík.*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.*Framkvæmdastjórn:* Marius Petruskevicius.*Prókúruumboð:* Marius Petruskevicius.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Arielle Mabilat, kt. 031266-2469, Ásenda 7, 108 Reykjavík, Vytutas Jaudegis, kt. 050184-5449, Ljósavallagötu 12, 101 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er kaup og sala bifreiða, bílaviðgerðir og annar skyldur rekstur.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

(2015007710

Útgáfud.: 28. apríl 2015

Hlutafélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* Bolli ehf.*Kt.:* 570415-1230.**Heimili og varnarþing: Sæbóli 25, 350 Grundarfjörður.***Dagsetning samþykktar er:* 31. mars 2015.*Stofnendur:* Einar Sigurjón Valdimarsson, kt. 241160-4089, Skógarási 9, 110 Reykjavík, Guðbrandur G. Garðarsson, kt. 270967-4859, Bókhöðustíg 11, 340 Stykkishólmur, Olga Sædis Einarsdóttir, kt. 140260-7899, Sæbóli 25, 350 Grundarfjörður, Þorkell Gunnar Þorkelsson, kt. 140356-7869, Sæbóli 25, 350 Grundarfjörður, Selma Rut Þorkelsdóttir, kt. 130680-5779, Bókhöðustíg 11, 340 Stykkishólmur.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 31. mars 2015.*Formaður stjórnar:* Einar Sigurjón Valdimarsson. *Meðstjórnendur:* Guðbrandur G. Garðarsson, Selma Rut Þorkelsdóttir, Þorkell Gunnar Þorkelsson, Olga Sædis Einarsdóttir.*Firmað ritar:* Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Guðbrandur G. Garðarsson.*Prókúruumboð:* Einar Sigurjón Valdimarsson, Guðbrandur G. Garðarsson.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Helgi Marínó Magnússon, kt. 070852-3819, Tjarnargötu 47, 101 Reykjavík, Pétur Ingjaldur Pétursson, kt. 310562-4409, Hörðalandi 4, 108 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 600.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er rekstur fasteigna og veitingastarfsemi.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

(2015007712

Útgáfud.: 22. apríl 2015

Stefna - til greiðslu skuldar**Lánasjóður ísl. námsmanna, kt. 710169-0989,****Borgartúni 21, Reykjavík,**

gerir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur eftirtöldum aðilum sem eru: Barbara Linda Birgisdóttir, kt. 290671-5589, með óþekkt heimilisfang á Spáni og Sigurður Guðnason, kt. 200362-3739, með óþekkt heimilisfang á Spáni.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda óskipt kr. 2.0647.324 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt l. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 27. mars 2014 til greiðsludags. Kröfunúmer: 1010-000005.

Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu, þ.m.t. 24% virðisaukaskatts, að mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon hrl., Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta f.h. stefnanda.*Málavextir og málsástæður:* Skuld þessi er samkvæmt

skuldabréfi útgefnu af stefndu Barböru Lindu í Kaupmannahöfn þann 18. febrúar 2013, að fjárhæð kr. 2.100.000. Bréfið er með sjálfskuldarábyrgð stefnda Sigurðar. Samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins skyldi endurgreiða lánið með 120 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn þann 5. apríl 2013. Skuldabréfið er óverðtryggt og ber ársvexti sem eru jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánunum hjá lánastofnunum auk 1% vaxtaálags. Við útgáfu bréfsins voru ársvextir 6,75%. Vextir skyldu reiknast frá 12. febrúar 2013. Heimilt er að hækka og lækka vexti á lánstímanum í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands um almenna vexti af óverðtryggðum lánunum.

Heimild er í skuldabréfinu að gjaldfella eftirstöðvar skuldarinnar ef ekki er staðið skil á greiðslum af bréfinu og að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti af vanskilum skuldarinnar. Skuldabréfið er gefið út til stefnanda, Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hefur ekki verið staðið skil á greiðslum af bréfinu frá og með gjalddaga þann 05.10.2013 og er málsókn því óhjákvæmileg.

Nánari sundurliðun stefnukröfunnar er sem hér segir:

Höfuðstóll, gjaldfelldur, kr 1.995.000.

Samningsvextir til 5. október 2013, kr 72.324.

Samtals kr 2.067.324.

Samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu var lánið allt gjaldfellt þann 27. febrúar 2014 vegna verulegra vanskila. Varðandi kröfu um málskostnað er tekið fram að stefnandi lagði út kr. 1.800 vegna bankakostnaðar og rétt að tekið sé tillit til þess kostnaðar við ákv. málskostnaðar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnda Barbara og stefndi Sigurður eru samkvæmt upplýsingum þjóðskrár Íslands með skráð lögheimili á Spáni. Samkvæmt íslenska sendiráðinu í París, sem hefur fyrirvar um sendiráðsstörfín á Spáni, hafa þeir ekki upplýsingar um heimilisfang Barböru og Sigurðar. Þar sem upplýsinga verður ekki aflað um hvar megi birta stefnu þessa þrátt fyrir ítarlega leit á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við lög nr. 38/2001. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt er byggð á lögum nr. 50/1988 með síðari breytingum og þar sem stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili ber honum nauðsyn til að tekið sé tillit til skattsins við ákvörðun málskostnaðar. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en málið er rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Um birtingu stefnunnar í Lögbirtingablaði vísast til a. liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi leggja fram:

1. Skuldabréf.

2. Sundurliðun kröfu.

3. Skilagrein.

4. Innheimtuviðvörðun um gjaldfellingu lánsins.

6. Yfirlit úr Þjóðskrá.

7. Tölvupóstur frá Utanríkisþjónustunni.

8. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með stefndu, til þess að mæta, er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 28. maí 2015, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 10. apríl 2015.

f.h. Sigurbjörns Magnússonar hrl.

Steinunn Elna Eyjólfsdóttir lögfr.

(2015007236

Útgáfud.: 27. apríl 2015

Stefna - vegna forsjármáls

Guðlaug Helga Sigurðardóttir,

kt. 081079-5609,

Vallargötu 20b, Sandgerði,

gjörir kunnugt: Að hún þurfi að höfða forsjármál fyrir héraðsdómi Reykjaness á hendur Artur Modzelewski kt. 171274-2149. óstaðsettur í heimili í Póllandi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Þorgils Þorgilsson hdl., Hlíðarsmára 19, Kópavogi, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Stefndi gerir þá kröfu að henni verði með dómi veitt óskipt forsja barnana Ingibjörgu Önnu Artursdóttur kt. 160200-3320 og Ólivers Adams M. Arturssonar kt. 100203-3240, til átján ára aldurs. Gerð er krafa um að stefndi greiði með börnunum mánaðarlegt einfalt meðlag eins og það er ákvarðað af Tryggingarstofnun ríkisins hverju sinni, frá dómsuppsögu til 18 ára aldurs þeirra.

Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá lögmannstofu Versus lögmannna, auk lögmaðls virðisaukaskatts, eins og mál þetta sé eigi gjafsóknarmál. Málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins, ef til kemur.

Málavextir: Málavextir eru þeir að stefnandi kynnist stefnda sem var pólskur ríkisborgari árið 1998 er þau unnu saman í fyrirtæki í Sandgerði. Höfu þau óformlegt samband uns árið 2001 þegar þau hófu sambúð, en þá höfðu þau eignast saman barnið Ingibjörgu Önnu M Artursdóttur kt. 160200-3320. Eignuðust þau síðar barnið Óliver Adam M Artursson kt. 100203-3240. Samband þeirra gekk illa en þau slitu samvistum árið 2005. Í nokkur ár á eftir reyndu þau að ná saman aftur en án varanlegs árangurs. Við sambúðarslit hjá

sýslumanni náðu aðilar sáttum um umgengni stefnda við börnin. Umgengnin skyldi vera önnur hver helgi hjá stefnda en umgengnin var í raun stopul. Sinnti hann umgengninni þegar honum hentaði. Þann 11. maí árið 2009 hringdi stefndi í stefnanda og tilkynnti henni að hann ætlaði að flytja aftur heim til Póllands, ástæður fyrir flutning voru að sögn stefnda að ný kærasta stefnda væri þunguð eftir hann og ætlaði hann að búa með henni á Póllandi. Þann 12. maí 2009 flutti stefndi til Póllands. Frá þeim degi hefur ekkert heyrst frá stefnda. Stefnandi hefur ítrekað reynt að ná tali af stefnda í gegnum síma og samskiptamiðla en án árangurs. Þá hefur sýslumaður ítrekað reynt að ná sambandi við hann en ekki haft árangur sem erfiði. Þegar barnið Ingibjörg fermdist náðist ekkert í stefnda né gerði hann tilraunir til þess að ná sambandi við stefnanda eða barnið.

Brothvarf stefnda hefur haft viðtæk og verulegar afleiðingar á bæði stefnanda og börn þeirra. Yngra barn þeirra Óliver hefur verið í meðferð hjá BUGL að hluta til vegna þess að samskipti við föður sinn eru enginn. Þá stendur stefnandi ein að uppeldi barna þeirra og öllum þeim kostnaði sem því fylgir, sem hefur aukið til muna álag á bæði stefnanda og börnin. Þá hafa börnin óskað eftir við móður sína að eftirnafni þeirra verði breytt þannig að þau verði kennd við stefnanda.

Forsendur fyrir sameiginlegri forsjá eru að báðir forsjáráðilar geti sinnt skyldum sínum eins og þær eru taldar upp í 28. gr. barnalaga nr. 76/2003. Stefndi hefur á engan hátt sýnt að hann hafi né ætli að sinna þessum skyldum sem börnin hafa rétt á. Forsenda fyrir sameiginlegri forsjá er því með öllu brostin. Sameiginleg forsjá gerir þá stefnanda erfiðara fyrir að sinna skyldum sínum. Þess má helst geta að stefnandi getur ekki sótt um vegabréf fyrir börnin og getur ekki tekið mikilvægar læknisfræðilegar ákvarðanir fyrir börnin nema yfirvöld komi þar við sögu með auknu álagi og vinnu.

Þá ber að geta þess að stefndi er ekki staðsettur á heimili og engin leið að finna út hvar stefndi býr.

Þann 20 febrúar 2015 lagði stefnandi fram beiðni hjá sýslumanninum á Suðurnesjum um breytingu á forsjá (dómskj. 3). Stefndi var boðaður til sýslumannsins á Suðurnesjum til fundar vegna beiðninnar en hann mætti ekki. Þá var stefndi gefin kostur á að mæta á sáttafund hjá sýslumanni en hann mætti ekki á fundin. Vottorð um árangurslaust sáttavottorð var gefið út dags. 18. mars 2015. (dómskj. 4).

Málsástæður og lagarök: Krafa þessi byggir á barnalögum nr. 76/2003. einkum 1. og 2. mgr. 34. gr. laganna. Ákvörðun um forsjá barns samkvæmt barnalögum ræðst alltaf af því hvað barni er fyrir bestu. Með hagsmuni barnsins að leiðarljósi telur stefnandi sér nauðsynlegt að krefjast fullrar forsjár barnanna.

Stefndi hefur ekki haft samband við börn sín síðan árið 2009. Hvorki stefnandi né börnin vita dvalarstað stefnda. Honum er því ómögulegt að sinna forsjárskyldum sínum og illmögulegt er fyrir stefnanda að sinna forsjárskyldum sínum gagnvart börnunum með sameiginlega forsjá barnanna. Forsenda fyrir sameiginlegri forsjá er að foreldrar sinni skyldum sínum sameiginlega. Almennt sé gott samstarf milli foreldra og samskipti séu góð. Því er ekki til að dreifa í þessu máli, hefur stefnandi því engan annan valkost en að fara fram á fulla forsjá barnanna.

Varðandi varnarþing er byggt á 37. gr. barnalaga nr.

76/2003.

Málskostnaðarkrafa stefnanda byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991, sérstaklega 130. gr., en krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun byggir á lögum nr. 50/1998, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt vegna þjónustu sinnar. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyld og er henni því nauðsynlegt að fá skattinn tildæmdan úr hendi stefnda.

Skjalaskrá:

Dskj 1. Stefna þessi.

Dskj 2. Málflutningsumboð.

Dskj 3. Endurrit sýslumannsins á suðurnesjum dags. 20 febrúar 2015.

Dskj 4. Yfirlýsing um árangurslausa sáttatilraun dags. 18. mars 2015.

Skýrslutökur fyrir dómi: Óskað er eftir því að stefnandi og stefndi gefi skýrslu fyrir dómi. Þá áskilur stefnandi sér rétt til þess að kalla sem vitni hvern þann sem getur gefið upplýsingar um aðstæður barnsins og málsaðila.

Áskilnaður: Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn á síðari stigum málsins, bera fram nýjar málsástæður, mótmæli, lagarök og leiða vitni ef þörf gerist, auk þess sem málið verður nánar reifað við aðalflutning þess ef til kemur. Þá er áskilinn réttur til þess að dómkveðja matsmann/menn til könnunar á aðstæðum aðila, afli dómurinn ekki slíkra gagna að eigin frumkvæði með vísan til 41. gr. laga nr. 76/2003.

Stefna og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Artur Modzelewski, kt. 171274-2149, óstaðsettur í hús í Póllandi, til að mæta á dómþing héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður í dómsal 1 í húsnæði dómsins við Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 27. maí 2015, kl. 9.00.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Kópavogi, 20. apríl 2015.

Fyrir hönd stefnanda,

Borgils Þorgilsson hdl.

(2015007631

Útgáfud.: 27. apríl 2015

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, f. h. Ergo kt. 490503-3230, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík.

Stefnda: Lena Berg, kt. 280677-2489, Litáen.

Kröfunúmer: 1100-140523.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sveinbjörn Sveinbjörnsson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Fyrirsvar: Fyrirsvarsmaður stefnanda er Friðrik Klemenz Sophusson, kt. 181043-4669, Bjarkargötu 10, Reykjavík, formaður stjórnar.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 6.652.203, ásamt

dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001

af kr. 20.254 frá 24. september 2010 til 10. febrúar 2011,
af kr. 206.713 frá 10. febrúar 2011 til 18. mars 2011,
af kr. 224.369 frá 18. mars 2011 til 3. ágúst 2011,
af kr. 228.094 frá 3. ágúst 2011 til 22. september 2011,
af kr. 245.779 frá 22. september 2011 til 6. febrúar 2012,
af kr. 444.874 frá 6. febrúar 2012 til 2. mars 2012,
af kr. 461.599 frá 2. mars 2012 til 19. mars 2012,
af kr. 479.990 frá 19. mars 2012 til 14. september 2012,
af kr. 498.417 frá 14. september 2012 til 7. mars 2013,
af kr. 733.933 frá 7. mars 2013 til 14. mars 2013,
af kr. 753.850 frá 14. mars 2013 til 13. september 2013,
af kr. 773.779 frá 13. september 2013 til 3. febrúar 2014,
af kr. 875.082 frá 3. febrúar 2014 til 3. mars 2014,
af kr. 979.337 frá 3. mars 2014 til 7. mars 2014,
af kr. 1.115.589 frá 7. mars 2014 til 19. mars 2014,
af kr. 1.136.048 frá 19. mars 2014 til 31. mars 2014,
af kr. 6.548.039 frá 31. mars 2014 til 3. apríl 2014,
af kr. 6.652.203 frá 3. apríl 2014 til greiðsludags,
allt að frádregnum innborgunum dags. 28. júní 2014 að fjárhæð kr. 2.117.091 og dags. 14. ágúst 2014 að fjárhæð kr. 8.834 sem dragast frá skuldinni m.v. stöðu hennar á hverjum innborgunardegi.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur er lagður fram í málinu. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Skuld þessi er tilkomin vegna kaupleigusamnings nr. 440347-002, dags. 29. febrúar 2008, milli Glitnis Fjármögnunar, sem leigusala og stefnda, Lenu Berg, kt. 280677-2489 sem leigutaka, en skv. samningnum leigði leigusali leigutaka bifreiðina Volvo XC90, nýskr. 12/2007, fast nr. LF-R80. Skyldi samningurinn greiðast með 84 mánaðarlegum leigugreiðslum er skyldu greiðast 3. hvers mánaðar, í fyrsta sinn þann 3. apríl 2008 og svo áfram, hver að fjárhæð kr. 83.264.

Samningsviðmiðun í upphafi miðaðist við JPY 50% og CHF 50%.

Með yfirlýsingu dags. 6. nóvember 2008 komust aðilar að samkomulagi um að breyta upphaflegri greiðsluáætlun samningsins á þann veg að frá og með 3. nóvember 2008 yrðu fjórir vaxtagjalddagar, til og með 3. febrúar 2009. Samningurinn lengdist um fjóra mánuði og yrði lokadagsetning hans því 3. júlí 2015 í stað 03. mars 2015.

Með yfirlýsingu dags. 29. september 2009 varð samkomulag um að skipta um hið leigða og kom bifreiðin Volvo S80, fast nr. HY-N79 í stað fyrrgreinds leigutækis. Yfirlýsing þessi var jafnframt afsal frá Íslandsbanka Fjármögnun til leigutaka fyrir bifreiðinni Volvo XC90, fast nr. LF-R80.

Þann 18. nóvember 2009 gerðu aðilar með sér nýjan kaupleigusamning vegna höfuðstólslækkunar á samningi nr. 440347-002. Fékk hinn nýi samningur nr. 440347-003 en skv. honum leigði leigusali leigutaka bifreiðina Volvo XC90, fast nr. HY-N79. Skyldi samningurinn greiðast með 109 mánaðarlegum leigugreiðslum er skyldu greiðast 3. hvers mánaðar, í fyrsta sinn þann 3. nóvember 2009 og svo áfram, hver að fjárhæð kr. 104.438.

Samningsviðmiðun í upphafi miðaðist við ISK 100% óverðtryggt.

Stefnda greiddi umsamdar greiðslur til og með 3. maí 2010.

Þann 16. mars 2011 var samningurinn endurreiknaður í samræmi við dóma Hæstaréttar nr. 92/2010, 153/2010 og

471/2010, fékk hann við það númerið 440347-004. Skv. samningnum leigði leigusali leigutaka bifreiðina Volvo XC90, fast nr. HY-N79. Skyldi samningurinn greiðast með 101 mánaðarlegum leigugreiðslum er skyldu greiðast 3. hvers mánaðar, í fyrsta sinn þann 3. apríl 2011 og svo áfram, hver að fjárhæð kr. 69.789.

Samningsviðmiðun var með þeim hætti að sá hluti sem áður var í erlendum myntum tók nú mið af óverðtrygðum vöxtum Seðlabanka Íslands.

Stefna greiddi ekki umsamdar greiðslur.

Þann 17. janúar 2014 var samningurinn endurreiknaður á ný í samræmi við dóma Hæstaréttar nr. 600/2011 og 464/2012 um gildi fullnaðarkvittana, auk ákvæða laga nr. 151/2010 um breytingu á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, eins og við gat átt að teknu tilliti til fyrrnefndra dóma.

Við endurútreikning var ný staða samnings kr. 5.640.498. Skyldi samningstími vera til 03. ágúst 2019 en næsti gjalddagi var þann 3. febrúar 2014. Stefnda greiddi ekki umsamdar greiðslur.

Þann 28. júní 2014 var bifreiðin vörslusvipt og reyndist verðmæti hennar að frádregnum kostnaði vera kr. 2.117.091, en stefnandi fellur frá lögmannskostnaði þeim sem dreginn er frá söluverði HY-N79 og er tilgreindur á dskj. 23. Skuld stefndu er því eftirfarandi.

Gjaldfallnar leigugreiðslur og aðrar greiðslur:

24. september 2010 kr. 20.254.

10. febrúar 2011 kr. 186.459.

18. mars 2011 kr. 17.656.

3. ágúst 2011 kr. 3.725.

22. september 2011 kr. 17.685.

6. febrúar 2012 kr. 199.095.

2. mars 2012 kr. 16.725.

19. mars 2012 kr. 18.391.

14. september 2012 kr. 18.427.

7. mars 2013 kr. 235.516.

14. mars 2013 kr. 19.917.

13. september 2013 kr. 19.929.

3. febrúar 2014 kr. 101.303.

3. mars 2014 kr. 104.255.

7. mars 2014 kr. 136.252.

19. mars 2014 kr. 20.459.

3. apríl 2014 kr. 104.164.

Samtals gjaldfallnar greiðslur kr. 1.240.212.

Gjaldfelldar leigugreiðslur kr. 5.411.991.

Andvirði leigumunar til lækkunar kr. -2.117.091.

Samtals kr. 4.535.112.

Reikningur með gjalddaga 24. september 2010 að fjárhæð kr. 20.254 er vegna bifreiðagjalda fyrir tímabilið 2010:02.

Reikningur með gjalddaga 10. febrúar 2011 að fjárhæð kr. 186.459 er vegna tryggingareiknings frá Sjóvá fyrir tímabilið 01. október 2010-01. október 2011.

Reikningur með gjalddaga 18. mars 2011 að fjárhæð kr. 17.656 er vegna bifreiðagjalda fyrir tímabilið 2011:01.

Reikningur með gjalddaga 03. ágúst 2011 að fjárhæð kr. 3.725 er vegna skeytakostnaðar.

Reikningur með gjalddaga 22. september 2011 að fjárhæð kr. 17.685 er vegna bifreiðagjalda fyrir tímabilið 2011:02.

Reikningur með gjalddaga 06. febrúar 2012 að fjárhæð kr. 199.095 er vegna tryggingareiknings frá Sjóvá fyrir tímabilið 01. október 2011-01. október 2012.

Reikningur með gjalddaga 02. mars 2012 að fjárhæð kr. 16.725 er vegna vanrækslugjalds.

Reikningur með gjalddaga 19. mars 2012 að fjárhæð kr. 18.391 er vegna bifreiðagjalda fyrir tímabilið 2012:01.

Reikningur með gjalddaga 14. september 2012 að fjárhæð kr. 18.427 er vegna bifreiðagjalda fyrir tímabilið 2012:02.

Reikningur með gjalddaga 07. mars 2013 að fjárhæð kr. 235.516 er vegna tryggingareiknings frá Sjóvá.

Reikningur með gjalddaga 14. mars 2013 að fjárhæð kr. 19.917 er vegna bifreiðagjalda fyrir tímabilið 2013:01.

Reikningur með gjalddaga 13. september 2013 að fjárhæð kr. 19.929 er vegna bifreiðagjalda fyrir tímabilið 2013:02.

Reikningur með gjalddaga 07. mars 2014 að fjárhæð kr. 243.978 er vegna tryggingareiknings frá Sjóvá fyrir tímabilið 01. október 2013-01. október 2014.

Reikningur með gjalddaga 19. mars 2014 að fjárhæð kr. 20.459 er vegna bifreiðagjalda fyrir tímabilið 2014:01.

Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Frá og með 15. október 2008 yfirtók Nýi Glitnir banki hf. réttindi og skyldur Glitnis banka hf. Hinn 20. febrúar 2009 var nafni Nýja Glitnis banka hf. breytt í Íslandsbanki hf. jafnframt því sem nafni Glitnis fjármögnunar var breytt í Íslandsbanki fjármögnun. Þann 11. júlí 2011 var nafni Íslandsbanka fjármögnunar breytt í Ergo.

Stefnanda er ekki kunnugt um heimilisfang stefndu en stefnda er skráð í Litháen skv. þjóðskrá á Íslandi. Stefnandi lét kanna hvert heimilisfang stefndu væri en fékk þær upplýsingar að skv. þjóðskrá í Litháen er Lena Berg ekki skráð með heimili þar í landi, sbr. dskj. 34. Því verður að birta stefnu gegn Lenu Berg í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfur sínar á tilgreindum kaupleigusamningi aðilanna og þeirri grundvallarreglu kröfu - og samningsréttarins að samninga beri að halda.

Kröfur um dráttarvexti, þmt. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III kafla vaxtalaga nr. 38/2001. með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991. Varðandi fyrningarfrest vísast til bráðabirgðaákvæðis XIV í vaxtalögum nr. 38/2001. Varðandi stefnubirtingu er vísað til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalið/-n skjal/skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Kaupleigusamningur nr. 440347-002.
2. Yfirlýsing dags. 6. nóvember 2008.
3. Yfirlýsing dags. 29. september 2009.
4. Kaupleigusamningur nr. 440347-003.
5. Kaupleigusamningur nr. 440347-004.
- 6.-20. Rekstrarreikningar.
21. Uppgjörstyfirlit.
22. Afsal.
- 23.-31. Reikningar v/HY-N79.

32. Útprint af tölvupóstum.

33. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður að/í dómsal 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þann 28. maí 2015, kl. 10.00, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 30 sólarhringar.

Kópavogi, 21. apríl 2015.

F.h. stefnanda,

Arndís Sveinbjörnsdóttir hdl.,

f.h. Sveinbjörns Sveinbjörnssonar hdl.

(2015007632

Útgáfud.: 27. apríl 2015

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefnda: Ása Jelena Pettersson, kt. 140377-2019, óþekkt lögheimili í Bretlandi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Karl Óttar Pétursson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Kröfunúmer: 0301-120398.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 585.771, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 585.771 frá 1. maí 2012 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á verðtryggðu skuldabréfi nr. 301027692 útgefnu af stefndu þann 22. nóvember 2007, sbr. dskj. nr. 3. Með útgáfu skuldabréfsins viðurkenndi stefnda að skulda Kaupþingi banka hf. (nú stefnanda) kr. 1.200.000 en fjárhæðin er vísitölutryggð m.v. vísitölu neysluverðs með grunnvísitöluna 278,1. Skuldina skyldi endurgreiða með 60 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn þann 1. janúar 2008. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins skyldi greiða vexti af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann var á hverjum tíma, þ.e. breytilega kjörvexti eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma að viðbættu föstu vaxtaálagi. Vextir skyldu reiknast frá útgáfudegi skuldabréfsins og greiðast eftir á, á sama tíma og afborganir, í fyrsta skipti þann 22. nóvember 2007.

Síðast var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfsins þann 15. desember 2011 þar sem vanskil voru færð á höfuðstól og lántími lengdur og vaxtagjalddögum bætt við.

Að öðru leyti héldust ákvæði skuldabréfsins óbreytt. Gjaldldagi skuldabréfsins þann 1. maí 2012 hefur ekki verið greiddur og var skuldabréfið gjaldfellt miðað við þann dag. Námu þá eftirstöðvar skuldarinnar samtals kr. 585.771, sem er stefnuþjárhæð málsins, en þar af námu samningsvextir kr. 3.856. Bankakostnaður, eða áfallinn innheimtukostnaður, er að fjárhæð kr. 4.770. Krafa um bankakostnað er vegna kostnaðar stefnanda við að halda kröfu sinni til haga vegna vanskila stefnda fram að löginheimtu og byggist fjárhæðin á gjaldskrá stefnanda, sbr. dskj. nr. 6. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins ber stefnda að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefnda að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefnda sögð búsett í Bretlandi en ekki er nánar vitað um heimilisfang hennar. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu. Skuldabréfið var framselt til stefnanda með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins dags. 21. október 2008.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en ofangreind krafa tilheyrir útibúi stefnanda í Reykjavík, þar sem stefnda bar að efna kröfuna. Einnig er vísað til 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Skuldabréf nr. 301027692.
4. Staðfesting frá Þjóðskrá um heimilisfang.
5. Staðfesting innheimtuaðila erlendis um óþekkt heimilisfang.
6. Gjaldskrá Arion banka hf.
7. Staða láns.
8. Eintak Lögbirtingablaðs með stefnubirtingunni.
9. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 25. júní 2015, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing

af hálfu stefndu og/eða fyrirvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnuþjárhæð er einn mánuður.

Reykjavík, 10. apríl 2015.
F. h. stefnanda,
Karl Óttar Pétursson hrl.

(2015007640

Útgáfud.: 27. apríl 2015

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndi: Sigurður Kristinn Flosason, kt. 141177-5679, með óþekkt heimilisfang.

Kröfunúmer: 0308-130044.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Karl Óttar Pétursson, hrl., rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 469.422, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 469.422 frá 30. ágúst 2013 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir og málsástæður: Krafa stefnanda byggir á uppsafnaðri skuld stefnda við stefnanda á veltureikningi nr. 0308-26-009377 Veltureikningurinn tilheyrir útibúi stefnanda og er skuldin til komin vegna yfirdráttarheimildar sem samþykkt var af hálfu stefnanda að ósk stefnda. Með öðrum orðum fékk stefndi heimild frá stefnanda til að yfirdraga nefndan reikning upp að tiltekinni fjárhæð og stofna þannig til skuldar við stefnanda.

Síðasta yfirdráttarheimild sem stefnandi samþykkti féll niður þann 6. mars 2013 án þess að til framlengingar kæmi og bar stefnda því að greiða kröfuna á þeim degi. Skuldin var þó ekki greidd á gjalddaga og var reikningnum í kjölfarið lokað, nánar tiltekið þann 30. ágúst 2013. Nam þá uppsöfnuð skuld veltureikningsins stefnuþjárhæð málsins, sbr. dskj. nr. 3. Stefndi hefur reglulega fengið send yfirlit frá stefnanda um stöðu reikningsins á hverjum tíma, en stefnandi veit ekki til þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þau yfirlit.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi með óþekkt heimilisfang og er ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefnda að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnandi krefst ekki dráttarvaxta frá umsömdum gjalddaga kröfunnar, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu heldur lætur stefnandi nægja að krefjast dráttarvaxta frá síðara tímamarki, þ.e. frá þeim degi sem reikningnum var lokað, til hagsbóta fyrir stefnda.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Reikningaskrá.
4. Heimildaryfirlit.
5. Upplýsingar úr þjóðskrá.
6. Tölvupóstur til TCM.
7. Tölvupóstur til utanríkisráðuneytisins.
8. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Suðurlands, á dómþingi sem haldið verður í dómsal héraðsdómsins, Austurvegi 4, Selfossi, þann 3. júní 2015, kl. 14.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 30. mars 2015.

F. h. stefnanda,

Karl Óttar Pétursson hrl.

(2015007641

Útgáfud.: 27. apríl 2015

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndi: Sherif S M Raslan Shalash, kt. 250360-2159, óþekkt heimilisfang í Saudi Arabíu.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Karl Óttar Pétursson, hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Kröfunúmer: 0301-140109.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 11.147.240, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um

vexti og verðtryggingu, af kr. 11.147.240, frá 1. desember 2013 til greiðsludags

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á verðtryggðu íbúðaláni nr. 301822951 upphaflega útgefnu þann 28. desember 2005 af Firki ehf., kt. 690805-2190 en með skuldaraskiptum þann 12. apríl 2006 voru samþykktir nýjir skuldarar þau Helen Björgvinsdóttir kt. 040766-5299 og stefndi Sherif S M Raslan Shalash kt. 250360-2159, sbr. dskj. nr. 3. Með útgáfu skuldabréfsins viðurkenndu Helen og stefndi Sherif að skulda Kaupþingi banka hf. (nú stefnanda) kr. 15.500.000 en fjárhæðin er vísitölutryggð m.v. vísitölu neysluverðs með grunnvísitöluna 248. Skuldina skyldi endurgreiða með 305 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn þann 1. febrúar 2006. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins skyldi greiða fasta vexti 4,15% af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann var á hverjum tíma. Vextir skyldu reiknast frá útgáfudegi skuldabréfsins og greiðast eftir á, á sama tíma og afborganir, í fyrsta skipti þann 28. desember 2005. Skuldabréfið var tryggt með veði í Tröllateig 12, Mosfellsbæ fhr. 228-6633 en með veðbandslausn þann 13. nóvember 2013 var eignin leyst úr veðböndum.

Helen fékk samþykktan samning hjá umboðsmanni skuldara þar sem hún fékk 100% niðurfellingu og var fasteignin Tröllateigur 12 seld. Er Helen því ekki stefnt.

Gjalddagi skuldabréfsins þann 1. desember 2013 hefur ekki verið greiddur og var skuldabréfið gjaldfellt miðað við þann dag. Námu þá eftirstöðvar skuldarinnar samtals kr. 11.147.240, sem er stefnufjárhæð málsins, en þar af námu samningsvextir kr. 25.743. Bankakostnaður, eða áfallinn innheimtukostnaður, er að fjárhæð kr. 16.500. Krafa um bankakostnað er vegna kostnaðar stefnanda við að halda kröfu sinni til haga vegna vanskila stefnda fram að löginnheimtu og byggist fjárhæðin á gjaldskrá stefnanda, sbr. dskj. nr. 6.

Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins ber stefnda að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefnda að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi sagður búsettur í Saudi Arabíu en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Skuldabréfið var framselt til stefnanda með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins dags. 21. október 2008.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en ofangreind krafa tilheyrir útibúi stefnanda í Reykjavík, þar sem stefnda bar að efna kröfuna. Einnig er vísað til 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Skuldabréf nr. 301822951, ásamt skuldaraskiptum og veðbandslausn.
4. Staðfesting frá Þjóðskrá um heimilisfang.
5. Staðfesting innheimtuaðila erlendis um óþekkt heimilisfang.
6. Gjaldskrá Arion banka hf.
7. Staða láns.
8. Eintak Lögbirtingablaðs með stefnubirtingunni.
9. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 25. júní 2015, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 10. apríl 2015.
f. h. stefnanda,
Karl Óttar Pétursson hrl.

(2015007643

Útgáfud.: 27. apríl 2015

Svipting fjárræðis

Með vísan til 3. mgr. 14. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 tilkynnist að með úrskurði, uppkveðnum 22. apríl 2015 í héraðsdómi Reykjavíkur, var Birgir Kristjánsson, kt. 310729-3109, sviptur fjárræði ótímabundið.

Reykjavík, 22. apríl 2015.
Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari.

(2015007566

Útgáfud.: 22. apríl 2015

Veðhafafundur - þrb. Outcome fasteigna ehf.

Vegna gjaldþrotaskipta á búi Outcome fasteigna ehf., kt. 680206-0660 og með vísan til 129. gr. laga nr. 21/19910 um gjaldþrotaskipti o.fl., er boðað til fundar með veðhöfum og öðrum þeim sem kunna að telja til réttinda yfir eftirtaldri fasteign þrotabúsins:

Fasteignanr. Heiti eignar

204-3240 Búldshöfði
Reykjavík

Tegund

18, Atvinnuhúsnaði/skrifstofa

Fundurinn verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Túngötu 6, Reykjavík, fimmtudaginn 30. apríl 2015, kl. 14.00. Á fundinum verður kynnt tillaga skiptastjóra um ráðstöfun eignarinnar. Leitað verður eftir samþykki rétthafa fyrir því að þeim verði ráðstafað með þeim áhrifum að þeir rétthafar, sem kunna að fara á mis við fullnustu af söluverði eignanna, glati þeim tryggingarréttindum sem þeir kunna að njóta.

Reykjavík, 14. apríl 2015.
Steinar Þór Guðgeirsson hrl.

(2015007469

Útgáfud.: 27. apríl 2015

Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 23. apríl 2015.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.

(2015007570

Lögbirtingablað,
42. tölublað 2015.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.